

Reglur um ræðutíma

Dagskrármál

10 mín. fyrri og seinni ræða

Við umræðu um dagskrármál má ræðutími vera allt að 10 mínútur í hverri ræðu. Framsögumaður má tala þrisvar en aðrir bæjarfulltrúar tvisvar. Dagskrármál eru samþykkt í forsætisnefnd.

10 mínútur

Önnur mál

Fundargerðir nefnda skulu lagðar fram undir liðnum önnur mál á fundi bæjarstjórnar. Við umræðu um fundargerðir er ræðutími takmarkaður við 10 mínútur og má hver fulltrúi taka tvisvar til máls og veita andsvör við einstökum ræðum. Sjá nánar kafla um andsvör.

Ákvörðun forseta

Mál með afbrigðum

Við mál sem tekin eru á dagskrá með afbrigðum, utan dagskrár eða úr fundargerðum nefnda skal forseti/forsætisnefnd ákvára fundartíma.

1 mínúta

Um stjórn fundarins / bera af sér ámæli

Ræðutími bæjarfulltrúa sem óskar eftir að gera stuttu athugasemd, ræða stjórn fundarins eða bera af sér ámæli má vera allt að ein mínúta.

2 mín. hvert andsvær.

Veita má 2 andsvör við hvern ræðu.

Andsvör hámark 16 mín.

Andsvör

Forseti getur heimilað bæjarfulltrúum að veita stutt andsvær við einstökum ræðum strax og þær hafa verið fluttar. Andsvari má einungis beina að máli ræðumanns en ekki annarri ræðu eða öðru andsvari. Hvert andsvær má ekki taka lengri tíma en tvær mínútur og skal ræðumannni heimilt að svara því á tveimur mínútum. Svari ræðumaður andsvari er þeim sem andsvær veitti heimilt að veita andsvær öðru sinni og er ræðumannni jafnframt heimilt að svara því andsvari. Veiti fleiri en einn bæjarfulltrúi andsvær við sömu ræðu skal ræðumannni að jafnaði veitt færí á að svara hverju andsvari fyrir sig.

Orðaskipti í andsvörum mega ekki standa lengur en 16 mínútur í einu. Heimilt er forseta að takmarka ræðutíma í andsvörum enn frekar sé fyrirséð að orðaskipti muni að öðrum kosti standa lengur.

Óbundinn ræðutími

Fjárhagsáætlun og aðalskipulag

Við síðari umræðu um fjárhagsáætlun og aðalskipulag skal ræðutími vera óbundinn.